

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/35

frá 27. janúar 2012

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 370)

(2012/53/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímamann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.
- 3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn, fyrst með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB ⁽³⁾ til 11. maí 2008, í annað sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB ⁽⁴⁾ til 11. maí 2009, í þriðja sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB ⁽⁵⁾ til 11. maí 2010, í fjórða sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB ⁽⁶⁾ til 11. maí 2011 og í fimmta sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB ⁽⁷⁾ til 11. maí 2012.
- 4) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2013.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2012 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99.